

Dómsorð:

Stefndu, Haraldur Jónsson og Jón Hafdal Jónsson, greiði in solidum stefnanda, Sigurði Sigurjónssyni, kr. 71.611.43 ásamt 8% ársvöxtum frá 1. febrúar 1969 til greiðsludags og kr. 30.000 (sic) í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Synjað er um viðurkenningu á sjóveðrétti fyrir ofangreindum fjárhæðum.

Föstudaginn 27. maí 1977.

Nr. 145/1976. **Jónatan Þórmundsson**
Þorsteinn Sæmundsson
Þór Vilhjálmsson og
Ragnar Ingimarsson

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

gegn

Gesti Guðmundssyni

(Ingi R. Helgason hrl.).

Ærumeiðingar. Ómerking ummæla. Sýknað af kröfu um miskabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma sem varadómarar í Hæstarétti Halldór Þorbjörnsson yfirsakadómari, Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður, Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður, Unnsteinn Beck borgarfégeti og Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, útgefinni 9. júlí 1976, og gert þær dómkröfur:

1. að ummæli þau, sem stefnt var út af, verði dæmd dauð og ómerk,

2. að stefndi verði dæmdur til refsingar,

3. að stefndi verði dæmdur til þess að greiða hverjum

áfrýjanda 50.000 kr. í miskabætur auk 9% ársvaxta frá 5. júní 1974 til greiðsludags,

4. að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjendum sameiginlega 25.000 kr. til þess að kosta birtingu væntanlegs dóms í opinberum blöðum,

5. að stefndi verði dæmdur til að sjá um, að forsendur og dómsorð væntanlegs dóms verði birt í fyrsta eða öðru töl. Stúdentablaðsins, sem út kemur eftir birtingu dómsins,

6. að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjendum sameiginlega málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi er tilgreindur sem ábyrgðarmaður að þeim tölu- blöðum Stúdentablaðsins, sem geyma hin átöldu ummæli, og greinin í síðara tölublaðinu er auk þess undirrituð: Rit- stjóri. Ber stefndi þannig refs- og fébótaábyrgð á ummæl- unum skv. 15. gr. laga 57/1956.

Svo sem greint er í liðum A. 1. og 2. og B. 1. og 2. í héraðs- stefnu, er orðið „landvættir“ notað um áfrýjendur, og sama orð er einnig meðal ummæla þeirra, sem talin eru í stefnu- lið B. 3. Af því sambandi, sem orðið stendur í, er ljóst, að það er notað í niðrandi merkingu, og ber því að ómerkja ummælin sem óviðurkvæmileg skv. 1. mgr. 241. gr. alm. hegningarlaga, en ekki þykja ummælin eiga að varða refs- ingu.

Með ummælunum í stefnulið A. 3. er því dróttað að áfrýj- endum, að þeir hafi gert siendurteknar tilraunir til þess að heita stúdenta „fasískri“ skoðanakúgun, og því varpað fram, hvort tími sé ekki kominn til þess, að stúdentar krefjist af þeim sökum brottvikningar þeirra úr Háskólanum. Af hálfu stefnda hefur aðdróttun þessi ekki verið réttlætt á neinn hátt, og ber að refsa stefnda fyrir hana skv. 235. gr. alm. hegningarlaga og ómerkja ummælin skv. 1. mgr. 241. gr. sömu laga.

Í setningum þeim, sem tilgreindar eru í stefnu undir lið B. 3., eru auk orðsins „landvættir“ margs konar svigurmæli, sem beint er að áfrýjendum, svo sem „akademiskur rembing-

ur“, „undirlægjuhátt“, „tekið að sér hlutverk rakkans gagnvart ofbeldinu“, „stjörnuglópurinn“. Eru ummæli skv. þessum stefnulið í heild mjög móðgandi, og ber að refsa stefnda fyrir þau skv. 234. gr. alm. hegningarlaga og ómerkja þau skv. 1. mgr. 241. gr. sömu laga.

Refsing stefnda verður með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga ákveðin 10.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 2 daga fyrir sektina, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Enda þótt refsar beri fyrir ummæli samkvæmt stefnuliðum A. 3. og B. 3., þykja þau eigi eftir atvikum fallin til þess að valda áfrýjendum miska, sem bótaskyldur sé samkvæmt 1. málsgrein 264. greinar almennra hegningarlaga.

Dæma ber stefnda skv. 2. mgr. 241. gr. alm. hegningarlaga til þess að greiða áfrýjendum sameiginlega 25.000 krónur til þess að kosta birtingu forsendna og dómsorðs dóms þessa í opinberum blöðum.

Þá þykir rétt að ákveða skv. 22. gr. laga 57/1956, að dómur þessi, forsendur og dómsorð, skuli birtur í fyrsta eða öðru tölublaði Stúdentablaðsins, er út kemur eftir að dómur þessi hefur verið birtur að lögum.

Stefndi greiði áfrýjendum sameiginlega málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þykir sá málskostnaður hæfilega ákveðinn 80.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hin átöldu ummæli skulu ómerk.

Stefndi, Gestur Guðmundsson, greiði 10.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 2 daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Stefndi skal vera sýkn af kröfu áfrýjenda um miskaþætur.

Stefndi greiði áfrýjendum sameiginlega 25.000 krónur til þess að kosta birtingu forsendna og dómsorðs dóms þessa í opinberum blöðum.

Birta skal dóm þennan í fyrsta eða öðru tölublaði Stúdentablaðsins, sem út kemur eftir birtingu dómsins.

Stefndi greiði áfrýjendum sameiginlega 80.000 kr. í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Halldórs Þorbjörnssonar yfirsakadómara og Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns.

Við erum sammála úrlausn meiri hluta dómenda nema um bótakröfuna, sbr. 3. lið kröfugerðar áfrýjenda.

Stefndi er sekur fundinn um refsiverða meingerð gegn áfrýjendum. Ummælin í A. 3. og B. 3. eru allharkaleg og því mjög meiðandi fyrir æru áfrýjenda. Af þessum sökum þykja áfrýjendur eiga rétt á fégjaldi úr hendi stefnda samkvæmt heimildinni í 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en þar eð meiri hluti dómenda hefur ekki fallist á bótakröfuna, verður fjárhæð bóta eigi ákveðin.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. apríl 1976.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 25. mars sl., hafa Jónatan Þórmundsson prófessor, Bræðraborgarstíg 15, Reykjavík, Þorsteinn Sæmundsson stjarnfræðingur, Bólstaðarhlíð 14, Reykjavík, Þór Vilhjálmsson prófessor, Stigahlíð 73, Reykjavík, og Ragnar Ingimarsson prófessor, Mávanesi 22, Garðahreppi, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 20. júní 1974, gegn Gesti Guðmundssyni, stud. sociol., Reynimel 46, Reykjavík, vegna ummæla, er birtust í Stúdentablaðinu, fréttablöðungi svonefndum, er út kom ótölusett 8. apríl 1974, og 4. tölublaði, er út kom 5. júní 1974. Stefndi var ritstjóri og ábyrgðarmaður Stúdentablaðsins á þessum tíma. Fyrri greinin var ómerkt, en undirskrift hinnar seinni var „Ritstjóri“.

Í stefnu eru rakin ummæli þau, sem stefnt er út af. Ummælin eru þessi:

Í fjölritaðri útgáfu blaðsins, ótölusettri, sem nefnd er fréttablöðungur og út kom 8. apríl 1974, eru eftirtalin ummæli undir yfirskriftinni: „Rekum alla, alla.“

A.

1. „... landvættirnir . . .“
2. „... landvætti . . .“
3. „... Er ekki kominn tími til að stúdentar krefjist þess að ofangreindum mönnum verði vikið frá Háskólanum vegna síendurtekinna tilrauna þeirra til að beita stúdenta fasískri (sic) skoðanakúgun?“

Í 4. tbl. Stúdentablaðsins 1974, er út kom 5. júní 1974, er grein á bls. 2, sem ber yfirskriftina: „Háskólaráð átelur Stúdentablaðið“ og með smærra lettri: „að kröfu landvættanna“. Ummæli í grein þessari beinast að stefnendum. Þeir telja eftirtalin ummæli í greininni ærumeiðandi fyrir sig:

B.

1. Úr yfirskrift greinarinnar: „... landvættanna“.
2. „... landvættirnir . . .“
3. „Engan þarf að undra þótt menn á borð við þá landvætti geri slíka kröfu, né heldur að þeir vísi til þeirra (sic) laga-greinar sem kveður á um „hegðun sem ósamboðin er virðingu háskólaborgara“. Akademískur rembingur, sem telur háskólaborgara æðri venjulegu fólki, er nefnilega í fullu samræmi við undirlægjuhátt gagnvart herstyrk og fjármunum bandarískra heimsvaldasinna. Þeir menn sem hafa tekið sér hlutverk rakkans gagnvart ofbeldinu hafa peninga, völd og menntun að æðstu gildum, og sú menntun felst aðallega í ytri siðfágun. Eða skyldu stjórnuhlópurinn og félagar hans telja þá hegðun ósamboðna háskólaborgara sem hinir menntuðu ráðamenn Bandaríkjanna hafa orðið uppvísir að í Vietnam og Votergeit?“

Dómkröfur stefnenda eru þessar:

„að framangreind ummæli verði samkvæmt 1. mgr. 241. gr. laga 19/1940 dæmd dauð og ómerk.“

að stefndi verði dæmdur til þyngstu refsingar, sem á getur reynt samkvæmt 234. gr., 235. gr. og 236. gr. laga nr. 19/1940.

að stefndi verði samkvæmt 1. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940 dæmdur til að greiða hverjum stefnenda um sig miskabætur að fjárhæð kr. 50.000.00 með 9% ársvöxtum frá 5. júní 1974 til greiðsludags.

að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum sameiginlega

samkvæmt 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940 kr. 25.000.00 í kostnað við að birta væntanlegan dóm í heild í opinberum blöðum.

að stefndi verði dæmdur til að sjá um samkvæmt 22. gr. laga nr. 57/1956, að forsendur og dómsorð væntanlegs dóms í máli þessu verði birt í 1. eða 3. tbl. Stúdentablaðsins, sem út kemur eftir birtingu dómsins.

að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum sameiginlega hæfilegan málskostnað að mati dómara.“

Af hálfu stefnda eru gerðar þær dómkröfur, að stefndi verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnenda í málinu. Jafnframt krefst stefndi ríflegs málskostnaðar úr hendi stefnenda.

Sáttaumleitanir hafa ekki borið árangur.

II.

Stefnendur lýsa málavöxtum svo í stefnu:

„Um miðjan janúar 1974 efndu nokkrir Íslendingar til samvinnu undir kjörorðinu „*Varið land*“. Áttu þar hlut að máli allir stefnendur, auk lögmannanna Harðar Einarssonar og Óttars Yngvasonar. Á vegum þessara manna var undirbúin söfnun undirskrifta til að mótmæla kröfum um uppsögn varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku og brottvísun varnarliðs af Íslandi. Var öllum íslenskum þegnum, er náðu tvitugs aldri 1. marz 1974, boðið að undirrita svohljóðandi yfirlýsingu:

„Við undirrituð skorum á ríkisstjórn og Alþingi að standa vörð um öryggi og sjálfstæði íslenzku þjóðarinnar með því að treysta samstarfið innan Atlantshafsbandalagsins, en leggja á hilluna ótímabær áform um uppsögn varnarsamningsins við Bandaríkin og brottvísun varnarliðsins.“

Til að skipuleggja undirskriftasöfnunina var opnuð skrifstofa, þar sem kostur gafst á að undirrita yfirlýsinguna og fá undirskriftalista og upplýsingar. Þar var og tekið við fjárframlögum þeirra, er vildu taka þátt í kostnaði við rekstur skrifstofunnar. Boðað var, að undirskriftasöfnunin myndi standa yfir til 20. febrúar 1974 og ætlunin væri að áskorunin ásamt nöfnum áskorenda yrði afhent forsætisráðherra og forseta sameinaðs Alþingis eigi síðar en 1. marz.“

Helstu ástæður tilgreindar fyrir undirskriftasöfnuninni voru þessar:

„Við viljum, að Íslendingar taki áfram fullan þátt í samstarfi vestrænna lýðræðisþjóða, og er það undirstaða skoðana okkar á varnarmálum.

Hér á landi þurfa að vera traustar varnir.

Varnir landsins eru bæði beint í þágu Íslendinga, annarra þjóða við Norður-Atlantshaf, ekki síst Norðmanna, og í þágu varnar-samtaka Vesturlanda, sem eru trygging þess, að Ísland haldi frelsi og sjálfstæði.

Varnarlaust Ísland myndi veikja stöðu vestrænna ríkja í til-raunum þeirra til að ná samningum um að draga úr vígbúnaði.

Nú er innan og utan ríkisstjórnar Íslands unnið af kappi að því, að varnarliðið fari úr landi, og sumir reyna jafnvel að koma fram úrsögn úr Atlantshafsbandalaginu.

Við teljum fulla ástæðu til, að fram komi, að íslenzkur almenn-ingur krefst þess, að við tökum áfram þátt í samstarfi innan At-lantshafsbandalagsins og álítur ótímabært að vísa varnarliðinu á brott.“

Árangur af frumkvæði forgöngumanna „VARINS LANDS“ varð mjög mikill, því að alls rituðu 55.532 atkvæðisbærir Íslendingar undir áðurgreinda áskorun til ríkisstjórnar og Alþingis.

Undirskriftalistarnir voru afhentir forsætisráðherra og forseta sameinaðs Alþingis, eins og boðað hafði verið við upphaf undir-skriftanna. Fór afhendingin fram í Alþingishúsinu í síðari hluta marz. Dróst afhendingin nokkuð frá því, sem upphaflega hafði verið ákveðið, þar eð frágangur undirskriftalistanna reyndist tímafrekari en ætlað hafði verið.

Undirskriftasöfnunin hafði eigi fyrr hafizt en hatröm blaða skrif tóku að beinast að henni og forgöngumönnum hennar. Meðal þeirra blaða, sem þar áttu hlut að, var Stúdentablaðið.“

Stefndi hefur mótmælt þessari málavaxtalýsingu sem rangri og ófullnægjandi. Hann segir í greinargerð sinni:

„Forðast er að gera nokkra grein fyrir þeim aðstæðum, sem liggja að baki pólitískri framtakssemi stefnenda og kalla fram þau viðbrögð og ummæli, sem stefnt er út af.

Erlend herseta á Íslandi er ekkert smámál. Hin óhugnanlega staðreynd er sú, að þjóðin er klofin í tvær mjög andstæðar fylk-ingar í afstöðu sinni til hersetunnar. Ekkert umræðuefni á Ís-landi hefur orðið eins mikið hitamál síðustu þrjá áratugina en tvíþýli þjóðarinnar við erlendan her í landinu, og ekki er útlit fyrir, að hinar hatrömmu deilur hjaðni á næstunni. Ekkert mál ænnað hefur valdið slagsmálum og götuóeirðum í Reykja-vík á þessu tímabili og allir stjórn málaforingjar og flestir for-ystumenn þjóðarinnar á öðrum sviðum hafa tjáð sig um málið opinberlega og það all harkalega oft á tíðum. Ljóst er, að deilu-

mál þetta er þannig vaxið, að það gengur mönnum inn að hjarta, og hjá mörgum bera tilfinningarnar rökin ofurliði.

Á blaðamannafundi, sem stefnendur efndu til hinn 15. janúar 1974, tilgreindu þeir ástæðuna fyrir undirskriftasöfnuninni með þessum orðum: „Nú er innan og utan ríkisstjórnar Íslands unnið af kappi að því að varnarliðið fari úr landi . . .“ Með þessum yfirlýsingum taka stefnendur sér stöðu í fremstu víglínu í viðkvæmasta og hatrammasta deilumáli meðal Íslendinga, en láta í stefnu, svo sem þeim komi það á óvart, að þeir hljóta þar fyrir ámæli og lenda í hvirfilvindi pólitískrar orðasennu.

Að þessu leyti er málavaxtarlýsingu stefnenda mjög áfátt.

Jafnframt vantar í málavaxtalýsingu stefnenda það, sem gerst hefur innan Háskólans í þessu máli.

Fjórir háskólakennarar stóðu að undirskriftasöfnun „Varins lands“. Það vakti strax harkaleg viðbrögð stúdenta og um það athæfi þeirra var birt grein í Stúdentablaðinu 25. jan. 1974. Háskólakennurunum þótti þessi grein harðorð og í tilefni af henni skrifuðu þeir Háskólaráði bréf, dags. 26. marz 1974, sem ég legg fram í málinu, þar sem þess er krafist, að höfundur greinarinnar, ábyrgðarmaður blaðsins sæti áminningu samkvæmt 24. gr. háskólaganna nr. 84/1970.

Háskólaráð tók kærubréf þetta fyrir 2. maí 1974 og urðu þar átök um málið. Þrjár tillögur komu fram, en að lokum var samþykkt tillaga frá háskólarektor. Ágrip af fundargerð Háskólaráðs er lögð fram í málinu. Tillaga rektors var nokkurs konar málamiðlun, en samkvæmt henni voru stóryrðin í greininni átalín, en höfundur þeirra ekki beinlínis áminntur eða víttur.

Eftir niðurstöðu Háskólaráðs skrifaði greinarhöfundur, Rúnar Ármann Arthúrssen ráðinu bréf, sem og birtist í Stúdentablaðinu, en eftir það bar málið ekki fyrir Háskólaráð aftur, heldur efna háskólakennarar til þessara málaferla.

Áður hafði forystumönnum stúdenta annars vegar og prófessorunum Jónatani Þórmundssyni og Þorsteini Sæmundssyni hins vegar lent saman út af tekjum Stúdentaráðs, og fór Jónatan þá í Morgunblaðið til að bera deiluna á torg.“

III.

Röksemdir málsaðilja.

Af hálfu málsaðilja hefur verið leitast við að sýna fram á þær þjóðfélagslegu aðstæður, sem annars vegar leiddu til undirskriftasöfnunar stefnenda, en hins vegar andsvör stefnda og annarra

þeirra, sem andvígir eru dvöl bandaríska herliðsins hér á landi. Jafnframt hafa málsaðiljar greint nokkuð frá deilum, sem verið hafa innan Háskólans í ýmsum málum, þ. á m. svokölluðu innritunargjaldamáli.

Í málinu hefur verið lagt fram endurrit af yfirheyrslum, sem fram fóru á bæjarþinginu í málinu nr. 1376/1974: Bjarni Helgason o. fl. gegn Úlfari Þormóðssyni o. fl.

Í aðiljaskýrslu í því máli hafði einn stefnenda, Þór Vilhjálmsson, þáverandi prófessor, m. a. þetta að segja:

„ . . . Í fyrsta lagi vil ég minna á það, að sumarið 1971 var mynduð ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar. Þegar það var gert var birtur stjórnarsáttmáli og í honum sagði m. a., að það væri ágreiningur milli stjórnarflokkanna um afstöðuna til aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu. En að óbreyttum aðstæðum skyldi þó núgildandi skipan haldast, en ríkisstjórnin myndi kappkosta að fylgjast sem best með þróun þeirra mála og endurmeta jafnan stöðu Íslands í samræmi við breyttar aðstæður. Litlu seinna segir í þessum sama stjórnarsáttmála: „Varnarsamningur við Bandaríkin skal tekinn til endurskoðunar eða uppsagnar í því skyni, að varnarliðið hverfi frá Íslandi í áföngum. Skal að því stefnt, að brottför liðsins eigi sér stað á kjörtímabilinu“. Á fyrstu starfsmánuðum þessarar ríkisstjórnar gerðist fremur lítið í varnarmálunum. Það var fyrst, að ég hyggt, veturinn 1972—1973 sem óbreyttum borgurum mátti bjóða í grun, að eitthvað myndi verða farið að gera til að framkvæma þessa stefnu ríkisstjórnarinnar. Það gerðist ýmislegt þann vetur. Það kom upp, að það var nokkur stigsmunur á því, hvernig stjórnarflokkarnir vildu skilja varnarsamninginn. Það kom upp, að það var ágreiningur innan Framsóknarflokksins um rétta stefnu í þessu máli. Utanríkisráðherra Bandaríkjanna kom hingað þennan vetur, og það var frá því skýrt opinberlega, að við hann hefði verið rætt um þessi mál. Síðan gerist það vorið 1973, að í samræmi við 7. gr. varnarsamningsins koma fram tilmæli um endurskoðun varnarsamningsins. En það var heimilt, þegar 6 mánaða endurskoðunartímabili væri lokið, að segja samningnum upp með 12 mánaða fyrirvara. Þetta gat þess vegna verið fyrsta skrefið í þá átt að segja varnarsamningnum upp. Tilkynning um þetta efni var m. a., að ég hyggt, send Atlantshafsbandalaginu, og haustið 1973 kom framkvæmdastjóri þess, Luns, til Íslands til að ræða þessi mál. Eftir að hann var farinn eða í lok heimssóknar hans, var gefin út fréttatilkynning, þar sem skýrt var frá því, að íslenska ríkisstjórnin hefði látið í

ljós áhyggjur vegna þess, hvernig Atlantshafsbandalagið hefði tekið á endurskoðunaróskum íslensku ríkisstjórnarinnar og jafnframt tekið fram, að framkvæmdastjóranum hefði verið gert ljóst, — þetta er endursögn mín á fréttatilkynningunni, sem ég hef ekki fyrir framan mig, — að þessi viðbrögð gætu leitt til breyttra viðhorfa Íslendinga gagnvart bandalaginu sjálfu. Og síðar þetta sama haust 1973 fóru fram viðræður við fulltrúa Bandaríkjastjórnar. Í þeim tók sjálfur utanríkisráðherra Íslands þátt að minnsta kosti oft, bæði vestan hafs og hér í Reykjavík. Það mátti þess vegna ætla, að það væri stefnt að uppsögn varnarsamningsins, slitum á samstarfi okkar við vestrænar þjóðir og brottför varnarliðsins. Það var skoðun mín, að til svo stórra aðgerða hefði ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar ekkert umboð frá þjóðinni. Sú skoðun byggðist á því, að í kosningunum 1971 hefði kjósendum ekki verið gerð grein fyrir því, að þessa stefnuskráratíðis mætti vænta, það var með öðrum orðum ekki að mínu áliti kosið um varnarmálin 1971. Það var því hvoru tveggja, að ég var efnislega andvígur því, sem virtist stefnt út í, og einnig hitt, að ég taldi, að sú framkvæmd, sem íslensk stjórnvöld stóðu að, væri einnig að nokkru leyti í andstöðu við réttar lýðræðisreglur. Það er skoðun mín, að það sé mikil gæfa fyrir íslensku þjóðina, að við erum á vestræna menningarsvæðinu. Ég tel, að við höfum byggt hér upp þjóðfélag, sem er mótað af hugsjónum vestrænnar menningar. Það þjóðfélag er ekki fullkomið, en það er í stöðugri framþróun, og af því að það er vestrænt þjóðfélag, getur sú framþróun haldið áfram. Ég vil, að við njótum áfram þessarar aðstöðu og þeirra mannréttinda, sem eru virt á Íslandi. Ég tel, að því miður geti þróun mála orðið í aðra átt. Frelsi þjóðarinnar og sjálfstæði er ekki örugglega tryggt um alla framtíð og jafnvel ekki næstu framtíð. Eitt hið nauðsynlegasta, sem þarf að gera til að varðveita frelsi landsins, er að sjá hér fyrir hervörnum. Ég er þeirrar skoðunar, að eitt hið mikilvægasta, sem gerst hefur í íslenskum stjórnámálum eftir stofnun lýðveldisins, sé, að þjóðin hefur skilið þessa nauðsyn. Og að hún ákvað á sínum tíma að breyta um stefnu í utanríkismálum. Hún ákvað að hverfa frá hlutleysisstefnunni og taka upp varnarsamstarf við vestræn lýðræðisríki á vegum Atlantshafsbandalagsins. Það eru nú meira en 25 ár síðan Ísland gerðist aðili að Atlantshafsbandalaginu og næstum aldarfjórðungur síðan hingað kom bandarískt varnarlið á vegum bandalagsins (sic). Ég vil ekki, að öryggi Íslands sé stefnt í hættu með því að láta varnarliðið fara, en brottför varnar-

liðsins tel ég, að myndi bæði beint veikja varnir landsins og einnig gera það óbeint með því að veikja varnarkeðju lýðræðisríkjanna við norðanvert Atlantshaf. Með tilliti til þessara skoðana minna og þeirrar þróunar mála, sem mér virtist vera í uppsiglingu í varnarmálum, þá tók ég þátt í því að undirbúa og framkvæma undirskriftasöfnunina, sem fram fór undir kjörorðinu „Varið land“. Ég átti þátt í því starfi frá upphafi til enda ásamt mörgum öðrum mönnum. Við urðum 14 talsins að lokum, sem að þessu stóðum. Í upphafi taldi ég, að þessi undirskriftasöfnun væri mjög erfið. Það hafði komið til tals að hafa ýmis konar hátt á til þess að láta opinberlega í ljós mótmæli við stefnuna í varnarmálunum, sem ríkisstjórnin virtist vera að framkvæma. Hugmyndin um það að fara í almenna undirskriftasöfnun þróaðist smám saman, og undirskriftasöfnunin hófst um miðjan janúar 1974. Vandamálin í þessu sambandi eru margs konar. Þau eru bæði um það, hvernig megi framkvæma undirskriftasöfnunina til þess að ná árangri, það horfði ekki sérlega glæsilega um það atriði fyrirfram. Í fyrsta lagi var þetta á þeim tíma árs, þegar verst er að standa að framkvæmdum af þessu tagi, um hávetur. Í öðru lagi lagði hópurinn upp með litla reynslu af slíkum almennum undirskriftasöfnunum, engin tæki eða fé til þess að framkvæma hana og tími okkar, sem í hópnum voru, var ekki þannig, að við gætum helgað okkur þessu starfi óskiptir þann tíma, sem undirskriftasöfnunin stóð. Ég gerði mér sjálfur óljósar hugmyndir, það kom fram síðar um það, hvað þyrfti til að svona undirskriftasöfnun hefði verulegan þunga. Ég hélt fyrirfram, að 5 þúsund undirskriftir myndu verða þung mótmæli. Eftir reynsluna af þessari undirskriftasöfnun skal ég segja, að ég tel, að það þurfi meira til, en það kom líka fram við þessa undirskriftasöfnun, að það voru þung mótmæli, sem hún sýndi við þessa stefnu. Ég tel raunar, að þessi undirskriftasöfnun hafi verið stórt atriði í því að breyta hinni opinberu stefnu íslenskra stjórnvalda í varnarmálum.“

Í framlagðri aðiljaskýrslu stefnandans Þorsteins Sæmundssonar segir svo um aðdraganda máls þessa:

„ . . . Eftir skrif Stúdentablaðsins í janúar 1974 urðu nokkrar umræður milli mín og prófessoranna Jónatans Þórmundssonar, Ragnars Ingimarssonar og Þórs Vilhjálmssonar um hugsanlegar aðgerðir vegna þessara skrifa. Að okkar mati var um þrjár leiðir að velja: (1) að krefjast þess að Háskólaráð veitti ábyrgðarmanni Stúdentablaðsins áminningu samkvæmt háskólalögum, (2) að

stefna viðkomandi til ábyrgðar samkvæmt landslögum, eða (3) gera hvort tveggja. Í viðræðum þessum greindi ég frá því, hvað ég teldi líklegast um viðbrögð Háskólaráðs, en á þeim tíma átti ég sæti í ráðinu sem fulltrúi Félags háskólakennara. Skoðun mín var sú, að meirihluti Háskólaráðs myndi vilja forðast að gera nokkuð það sem styggt gæti stúdenta, jafnvel þótt þeir teldust hafa farið út fyrir ramma háskólalaga og almenns velsæmis. Í umræðum um eldri mál í Háskólaráði hefðu fulltrúar stúdenta í ráðinu fylgt þeirri stefnu, að Háskólaráð ætti ekki að skipta sér af málum stúdenta, sem sakaðir væru um að hafa framið refsiverðan verknað, heldur ættu dómstólar að fjalla um þau mál með sama hætti og mál annarra borgara. Taldi ég að þessi skoðun ætti umtalsvert fylgi innan Háskólaráðs enda þótt hún stangaðist á við háskólalög.

Í þessu sambandi benti ég einnig á, að ég myndi víkja sæti þegar málaleitan okkar yrði tekin fyrir í Háskólaráði, en varmaður minn, Þorsteinn Vilhjálmsson myndi líklegur til að vilja halda hlífisskildi yfir stúdentum. Staðfesting á því fékkst síðar. Í viðtali sem ég átti við Þorstein eftir að Háskólaráð hafði fjallað um málið, lýsti hann þeirri skoðun sinni, að slíkt mál ætti ekki erindi til Háskólaráðs, heldur ættum við að stefna viðkomandi fyrir dóm ef við álitum að um meiðyrði væri að ræða. Ég tel ástæðu til að geta þessa hér, þar eð Þorsteinn Vilhjálmsson var einn hinna 152 manna sem síðar rituðu undir yfirlýsingu sem stefndi, Rúnar Ármann Arthúrssón, hefur lagt fram sem réttarskjal. Í þeirri yfirlýsingu erum við stefnendur fordæmdir fyrir að leita réttar okkar fyrir löglegum dómstólum þessa lands.

Þótt þannig væri óvíst fyrirfram um úrslit mála í Háskólaráði varð það niðurstaða okkar fjögurra starfsmanna Háskólans að fara þá leið sem háskólalög heimiluðu og krefjast þess að Háskólaráð veitti ritstjóra og ábyrgðarmanni Stúdentablaðsins, Rúnari Ármanni Arthúrssyni, áminningu. Jafnframt tókum við þá ákvörðun, að ef Háskólaráð yrði við kröfu okkar, myndum við láta þar við sitja og ekki stefna málinu til dómstóla.

Bréf okkar til Háskólaráðs var dagsett 26. mars 1974. Bréfið var tekið fyrir í Háskólaráði 2. maí, og vék ég þá sæti fyrir varmanni mínum, Þorsteini Vilhjálmssyni. Fundargerð Háskólaráðs sýnir, að eftir allmiklar umræður um málið var samþykkt svaðhljóðandi ályktun:

„Háskólaráð átelur þau stóryrði, sem höfð eru um nokkra starfsmenn Háskóla Íslands í umgetinni grein í Stúdentablaðinu

og væntir þess, að framvegis sneiði stúdentar hjá slíkum stóryrðum í gagnrýni, sem þeir beina að einstökum þegnum skólans.“

Eins og sjá má, er hér farið svo varlega í sakirnar, að ekki einu sinni er nafngreindur sá aðili sem áminna skyldi, hvað þá að hann væri kallaður fyrir og áminntur persónulega. Frá sjónarmiði okkar fjögurra stefnenda gat þetta ekki talist viðunandi málsmeðferð og ekki unnt að halda því fram, að kröfu okkar um áminningu hefði í raun verið sinnt. Sömu skoðunar er stefndi, því að hann segir í aðilaskýrslu:

„Fjórir háskólakennarar, þeir sömu og eru stefnendur í þessu máli, sneru sér af þessu tilefni til Háskólaráðs með bréfi dagsettu 26. mars 1974, þar sem þeir gerðu þá kröfu að mér yrði refsað með áminningu, samkvæmt 24. gr. háskólalaga nr. 84/1970. Háskólaráð synjaði þessari kröfu, en sendi engu að síður frá sér ályktun um þetta mál.“

Hafi Háskólaráð vonast til, að hin vægilega og almennt orðaða ályktun sem það gerði, hefði einhver áhrif á ritstjóra Stúdentablaðsins, varð sú von ekki langlíf. Rúnar Ármann Arthúrssón svaraði með bréfi til Háskólaráðs, sem jafnframt var birt í Stúdentablaðinu hinn 5. júní 1974, svo sem tilgreint er í stefnu. Bréf þetta var enn svæsnara en hin fyrri skrif og bar engin merki þess að ritstjórinn hefði séð sig um hönd. Þegar þannig var málum komið var ljóst, að ekki væri um annað að ræða en að leita til dómstóla. Var ákvörðun um það tekin á fundi okkar fjögurra stefnenda.

Þegar eftir birtingu stefnu urðum við stefnendur fyrir hatrömmum árásum, þar sem meðal annars var reynt að slá á þá strengi, að þarna væru prófessorar að ofsækja nemendur við Háskólann. Þessari frásagnartækni hefur verið beitt aftur og aftur, allt fram á þennan dag. Um þetta hef ég það að segja í fyrsta lagi, að mér þykir staðreyndum heldur betur snúið við, ef það á að heita ofsókn að leita verndar dómstólanna. Í öðru lagi eru nemendur við Háskólann síður en svo í aðstöðu hins undirokaða gagnvart kennurum skólans. Stúdentar eru fullorðið fólk, fólk sem hefur réttindi engu síður en skyldur, fólk sem tekur þegar verulegan þátt í stjórn skólans og vill fá þar aukna hlutdeild og bera meiri ábyrgð, fólk sem að eigin mati og annarra er ábyrgt gjörða sinna.

Í þriðja lagi tel ég rétt að upplýsa, að ég er ekki prófessor né heldur háskólakennari í rétttri merkingu þess orðs, þótt ýmsir virðist sjá sér hag í að halda því fram. Sem sérfræðingur við eina

af stofnunum Háskólans er ég í Félagi háskólakennara og hef verið fulltrúi félagsins í Háskólaráði í eitt kjörtímabil, en kennslu hef ég ekki stundað til þessa. Stafar það meðal annars af því, að sérgrein mín hefur ekki verið meðal námsgreina við skólann hingað til. Á þessu er nú að verða nokkur breyting, en hvort það leiðir til þess að ég taki að mér kennslu er enn óráðið. Persónulega myndi mér lítið um það gefið að hefja kennslu í því andrúmslofti tortryggni og óvildar sem ég tel að óhjákvæmilega hljóti að fylgja skrifum á borð við þau sem Rúnar Ármann Arthúrssón hefur látið frá sér fara sem einn af forvígismönnum stúdenta.“

Í þessari sömu skýrslu stefnandans Þorsteins Sæmundssonar segir m. a. svo um innritunargjaldamálið svokallaða:

„ . . . Ég átti sæti í Háskólaráði vorið 1973 þegar Stúdentaráð bar fram kröfu um hækkun og breytta skiptingu innritunargjalda, sem fól í sér að gjöldin í heild skyldu hækka um 47 prósent, en hlutur Stúdentaráðs skyldi hækka um 350-380 prósent. Krafan var rökstudd með því að Stúdentaráð væri að gjaldþroti komið sakir aukinna umsvifa. Með tilliti til verðlagsþróunar var heildarhækkunin (47 prósent) ekkert ágreiningsatriði í Háskólaráði. En hin mikla hækkun á hlut Stúdentaráðs hlaut að leiða til þess að hlutur annarra aðila af innritunargjöldum yrði skertur, ekki síst hlutur Félagsstofnunar stúdenta, sem fengið hafði 60 prósent af gjöldunum. Um þetta mál urðu talsverðar umræður og deilur í Háskólaráði. Ég beitti mér þá fyrir málu- miðlunartillögu, sem ég lagði nokkra vinnu í, og hefði leitt til 76 prósent hækkunar Stúdentaráðs. Þeirri tillögu var hafnað af fulltrúum stúdenta í ráðinu með gagntillögu. Að endingu samþykkti meirihluti Háskólaráðs varatillögu mína, sem gerði ráð fyrir að gjöld til Stúdentaráðs yrðu skilin frá innritunargjöldum. Gæti Stúdentaráð þá sjálft ráðið sínu gjaldi, sem skrifstofa Háskólans gæti veitt móttöku, en það yrði ekki gert að skilyrði fyrir innritun í Háskólann.

Sú fullyrðing, að þetta fyrirkomulag hefði lamað starfsemi Stúdentaráðs, er vægast sagt furðuleg. Nægir þar að vitna til fyrri reynslu, því að allt fram til 1968 starfaði Stúdentaráð einmitt með þessum hætti, sem frjáls samtök stúdenta. Á þeim tíma tókst Stúdentaráði til dæmis að fá framgengt helsta hagsmunamáli sínu til þessa dags, Félagsstofnun stúdenta, sem sér um rekstur allra stofnana stúdenta (félagsheimilis, bóksölu, stúdentagarða). Samþykkt Háskólaráðs (eftir varatillögu minni) fól

í sér, að innritunargjöldin hefðu eftir sem áður verið notuð í þágu stúdenta sjálfra, þar af 68 prósent til Félagsstofnunar. Er ég enn þeirrar skoðunar, að þetta hefði verið betra fyrirkomulag en það sem Stúdentaráð þvingaði fram með tilstyrk ráðherra. Læt ég svo útrætt um þetta mál.“

Lögmaður stefnda hefur m. a. þetta að segja um almennar ástæður umstefndra ummæla:

„A. Samkvæmt stjórnarskrá og grundvallarreglum íslenskra laga hefur hver maður leyfi til að hafa skoðanir á pólitískum hugðarefnum og athöfnum annarra manna og láta þær í ljós opinberlega. Aldrei má með lögum eða dómsúrskurði skerða þetta skoðanafrelsi. Ekki er leyfilegt að teygja klær meiðyrðalöggjafarinnar svo langt, að refsa manni fyrir að láta í ljós skoðanir sínar eða mat sitt á pólitískum aðgerðum annarra manna.

Undirskriftasöfnun stefnenda undir beiðni til stjórnvalda um að láta nú ekki erlenda herinn fara, er pólitískt athæfi, sem særir helgustu þjóðernistilfinningar mikils hluta þjóðarinnar og brýtur í bága við grundvallarskoðun hans um þjóðfrelsi. Þessar aðgerðir kalla á pólitísk viðbrögð og andsvör, jafnvel hjá fólki, sem er afskiptalítið um stjórnsmál almennt. Stefnendur gátu ekki buist við öðru, og máttu ekki gera ráð fyrir öðru.

Sýkna ber því umbjóðanda minn á þeim grundvelli, að honum er rétt að berjast gegn áformum og aðgerðum hersetumanna, vara við þeim og útlista á allan hátt. Á bak við þetta pólitíska frelsi eru svo ríkir almenningshagsmunir, að smásmuguleg vernd ærunnar verður að víkja.

B. Sýknukrafa mín byggist einnig á því, að ummæli umbjóðanda míns eru viðhöfð í hita pólitískrar baráttu og eru réttlætangel í alla staði. Mun ég nú tína til nokkur réttlætingaratriði.

1. Umbjóðandi minn er stúdent við Háskóla Íslands og er þar forystumaður í félagslífi stúdenta. Í Háskóla Íslands hafa frá upphafi bæði stúdentar og kennarar látið þjóðfrelismál almennt og sjálfstæðismál íslensku þjóðarinnar mikið til sín taka, og hafa þar yfirleitt verið í fararbroddi fyrir málsstað Íslands. Í sjálfstæðisbaráttunni hinni nýju, þegar Bandaríkjamenn fóru fram á herstöðvar hér á landi til 99 ára, árið 1946, lét Háskólinn, stúdentar og kennarar kröftuglega til sín heyra og áttu þau mótmæli sinn þátt í því, að þeirri beiðni var hafnað. Í máli þessu verða lagðar fram ræður og greinar háskólakennara eins og Ólafs Lárussonar, Sigurbjörns Einarssonar, Guðmundar Thoroddsen, Ein-

ars Ólafs Sveinssonar o. fl., svo og yfirlýsingar forystumanna allra pólitísku stúdentafélaganna í Háskólanum. Þungamiðjan í afstöðu Háskólans er og hefur verið sú, eins og glöggst kemur fram í þessum gögnum, að krafa um erlenda hersetu í landinu er erlend áþælni, sem gjalda á varhug við og hafna. Þessu merki hafa háskólaborgarar haldið á lofti æ síðan. Strax í upphafi var varað við því, að af langvarandi erlendri hersetu í landinu myndi leiða aðra herleiðingu, herleiðingu hugarfarsins, og svo gæti farið, þegar stundir liðu fram, að einhver hluti þjóðarinnar sætti sig við ævarandi hersetu og tvíbýli við erlendan her í landi sínu. Þegar svo á þjóðhátíðarárinu 1974 rísa upp nokkrir menn, af því að pólitískur meirihluti hafði myndast á Alþingi um að láta herinn fara, sem ganga fyrir hvers manns dyr og biðja um stuðning við áskorun til stjórnvalda um að láta herinn ekki fara, þá ofbauð stúdentum og fordæmdu þeir þetta athæfi vægðarlaust.

Ummæli umbjóðanda míns, sem er einn þeirra, sem tóku sér penna í hönd vegna undirskriftasöfnunarinnar, eru því réttlætanleg.

2. Önnur réttlætingarástæða er eftirfarandi:

Sakir aukinnar tækni, meðal annars í samgöngum og fjarskiptum hefur heimurinn minnkað mjög mikið frá því sem áður var. Fólk og þjóðir færst nær hver annarri og heimsmynd manna gerbreyst. Þetta hefur haft mikil áhrif á hugsunarhátt fólks almennt, ekki síst ungs fólks. Ungt fólk er samúðarfullt í eðli sínu, og fyllist gjarna réttlátri reiði, ef og þegar hinum saklausu og varnarlausu er sýnd grimmd. Það er ekki síst að þakka afstöðu og baráttu ungs fólks í heiminum, að slotað hefur a. m. k. í bili, vitfirringslegum grimmdarhernaði gegn saklausu og varnarlausu fólki í Viet-Nam, sem almennt hefur verið fordæmdur. Að þeim hernaði stóð Bandaríkjaher. Sami herinn og á Íslandi situr, her, sem lýtur sömu herstjórn og sama forseta. Er nú nema von, að hinn ungi stúdent, umbjóðandi minn, grípi til stóryrða, þegar stefnendur þessa máls óska skriflega eftir því að einmitt þessi her skuli hafa herbækistöðvar hér á landi?“

Ummælin:

Stefnendur hafa þetta að segja um ummælin sjálf:

„Um A. 1. og 2.

Stefnendur telja ummæli þessi móðgandi fyrir sig og refsiverð samkvæmt 234. gr. laga nr. 19/1940.

Um A. 3.

Stefnendur telja ummæli þessi í heild ærumeiðandi fyrir sig og refsiverð samkvæmt 234. og 236. gr., en til vara 235. gr. laga nr. 19/1940.

Um B. 1. og 2.

Stefnendur telja ummæli þessi móðgandi fyrir sig og refsiverð samkvæmt 234. gr. laga nr. 19/1940.

Um B. 3.

Stefnendur telja þessi ummæli í heild móðgandi fyrir sig, svo og felist í þeim aðdróttun. Telja stefnendur ummælin refsiverð samkvæmt 234. og 235. gr. laga nr. 19/1940.

Stefndi ber alla ábyrgð að lögum á framangreindum ummælum samkvæmt 3. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956.“

Bótakröfu sína rökstyðja stefnendur með vísan til 1. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940. Jafnframt segir svo í greinargerð:

„Í umræddu tilviki var veitt með hrakyrðum að stefnendum af tilefnislausu. Þetta var gert í málgagni stúdenta við Háskóla Íslands og beindist að stefnendum sem kennurum við þá stofnun. Telja stefnendur slíka framkomu gagnvart kennurum mjög ótilhlýðilega og vítaverða.“

Í framlagðri aðiljaskýrslu stefnandans Þorsteins Sæmundssonar segir m. a. svo:

„Að lokum vil ég leggja áherslu á þá staðreynd, að skrif Stúdentablaðsins um undirskriftasöfnun Varins lands og forvígismanna hennar hljóta að teljast alvarlegri fyrir þá sök, að þau voru liður í ófrægingarherferð, sem enn stendur yfir, og beinist gegn mér og öðrum stefnendum. Sem ábyrgðarmaður, ritstjóri og greinarhöfundur Stúdentablaðsins hefur stefndi tekið virkan þátt í þessari herferð sem hefur verið svo langvinn og mögnuð að einsdæmi mun vera, a. m. k. hérlandis. Með ósönnum áburði, aðdróttunum, háðsyrðum og svívirðingum hefur markvisst verið unnið að því að sverta mig og aðra stefnendur í augum almennings og raska þannig stöðu okkar meðal samborgaranna. Um árangurinn þarf ekki að efast, og leyfi ég mér í því sambandi að vísa til greinargerðar minnar í öðru máli í sama flokki fyrir þessum dómi, þ. e. máli Bjarna Helgasonar o. fl. gegn Úlfari Þor-móðssyni. Hvað snertir mig og aðra stefnendur í þessu máli hafa skrif Stúdentablaðsins þó sérstöðu, því að þeim er sérstaklega dreift innan Háskólans, sem er starfsvettvangur okkar. Hafa þau

því meiri áhrif til að spilla áleti okkar meðal þeirra manna, sem við þurfum stöðugt að eiga skipti við í störfum okkar.

Ég vil geta þess, að með tímanum hefur mér orðið æ ljósara, hve viðtæk og varanleg áhrif þessi óhróðursskrif hafa haft. Áhrifamáttur þeirra er meiri en ætla mætti fyrir þá sök, að margir hlýða nær gagnrýnislaust á hvers kyns staðhæfingar ef þær eiga hljómgrunn í þeirra eigin stjórnmalaskoðunum.

Einn úr hópi stefnenda komst svo að orði við mig á dögnum, að ófrægingarherferðin hefði gengið svo nærri sér og fjölskyldu að hann hygðist hætta allri þátttöku í félagsstörfum og myndi hugsa sig um tvisvar áður en hann hefði aftur afskipti af málum, sem teljast gætu stjórnmalalegs eðlis. Ég verð að játa, að viðhorf mitt þessa stundina er ekki ósvipað viðhorfi þessa félaga míns, hvað sem síðar kann að verða. Um viðbrögð annarra stefnenda að þessu leyti skal ég ekki fullyrða. En enginn skyldi efast um, að skefjalausar ærumeiðingar geti breytt lífsviðhorfi þess, sem fyrir þeim verður, og orðið honum varanlegur fjötur um fót.“

Stefndi hefur gert svofelldar athugasemdir við hin umstefndu ummæli í greinargerð sinni:

„Um A er það að athuga, að sá fjórblöðungur, sem ummælin birtust í, er fjölritað dreifiblað meðal stúdenta einna, og er því í býsna lokuðum hring. Hins vegar er B venjuleg prentuð útgáfa Stúdentablaðsins, sem stúdentar fá allir, en fer auk þess víðar.

Um A. 1. og 2. og B. 1. og 2.:

Þarna stingur eitt einasta orð stefnendur. Þeir eru kallaðir landvættir. Þeir telja þetta vera móðgun, en í stefnu og greinargerð skortir allan rökstuðning fyrir þeirri fullyrðingu. Fullyrðingin sýnir hins vegar að stefnendur skortir hómor. Auðvitað er nafngift þessi gefin í spaugi. Stúdentinn sér stefnendur fyrir sér í brjóstfylkingu þeirra, sem vilja vernda líf, limi, hamingju, sóma o. fl. Íslendinga, en það var hlutverk landvættanna áður fyrri. Af því kemur nafngiftin. Eðlileg hugrenningatengsl. Leiðinlegt að stefnendur skilja ekki spaugið. Því er alfarið mótmælt, að þessi ummæli séu móðgandi og refsiverð.

Um A. 3.:

Spurning sá, sem hér er stefnt út af, byggist á þeirri skoðun umbjóðanda míns, að það atferli stefnenda að kæra Rúnar Ármann Arthúrssón, ritstjóra Stúdentablaðsins, til Háskólaráðs og

krefjast þess, að hann sæti áminningu þess fyrir pólitískar skoðanir sínar á prenti, sé tilraun til skoðanakúgunar af hálfu stefnenda og þess vegna eru ummælin réttlæt看leg og refsilaus.

Orðið „síendurtekinn“ vísar til fyrri tilrauna stefnenda til skoðanakúgunar innan Háskólans og er þá átt við tillögu þeirra á vettvangi Háskólaráðs um að enginn hluti innritunargjalda renni til starfsemi Stúdentaráðs (og þar með Stúdentablaðsins), eins og áður gerði. Þeim tókst með herkjum að fá þessa tillögu samþykkt í Háskólaráði. Til allrar hamingju tók þáverandi menntamálaráðherra, Magnús Torfi Ólafsson, í taumana, ógilti ályktun Háskólaráðs og hindraði það tilræði stefnenda að koma í vög fyrir útgáfu Stúdentablaðsins.

Um orðið „fasískri“ skal það sagt, að inntak þess hugtaks verður skýrt við munnlegan flutning málsins.

Um B. 3.:

Því er mótmælt, að ummæli þessi séu móðgandi og refsiverð. Um orðið „landvætti“ vísast til þess sem áður var sagt. Í þessari klausu er umbjóðandi minn að bollaleggja um það, sem telja má „ósamboðið virðingu háskólaborgara“. Um það eru að vísu skiptar skoðanir, en umbjóðandi minn er fordómalaus með öllu. Hann telur að ytri siðfágun ein dugi ekki og fordæmir akademískan rembing. Hann fordæmir þá, sem hafa völd og peninga að æðstu gildum og þá, sem lúta ofbeldinu. Þessar bollaleggingar og skoðanir geta stefnendur ekki tekið til sín, til þess eru þær of alhæðar og beinast ekki til þeirra.

Að vísu er samviskuspurningunni í lok klausunnar beint til stefnenda, — ekki að ástæðulausu, — en á mjög hógværan og refsilausan hátt. Stefnendur vilja ólmir leyfa tilteknum herforingjum að hafa her sinn staðsettan á Íslandi. Stefnendur vilja hafa samvinnu um hernað við þessa sömu herforingja og pólitíska ráðamenn þeirra. Nú hafa þessir aðilar hins vegar orðið uppvísir að glæpum í Viet-Nam og Watergate, og spurt er: Telja stefnendur þá hegðan þeirra vera „ósamboðna virðingu háskólaborgara“ eða ekki? Ástæðan fyrir þessari spurningu er auðvitað sú, að umbjóðandi minn telur það ósamboðið virðingu íslensks háskólaborgara að binda trúss sitt við þessi öfl. Hann má spyrja þessarar spurningar, hún er ekki ávirk, heldur hlutlæg og refsilaus með öllu. Gaman væri að fá svar við henni, en hætt er við að það dragist á langinn.

Stefnukröfunum í máli þessu er mótmælt í heild. Þótt sum um-

mælanna yrðu dæmd dauð og ómerk, er fráleitt að dæma refsingu eða miskabætur.

Sérstaklega er mótmælt kröfunum um miskabætur, sem eru örökstuddar með öllu. Opinber ummæli eins stefnenda, prófessors Jónatans Þórmundssonar, um að hann muni gefa tildæmdar miskabætur til góðgerðarstarfsemi í landinu, benda frekar til þess, að stefnendur séu að safna fé til að létta á samvisku sinni, en að þeir hafi orðið fyrir miska, sem þeir þurfi að fá uppþættan með peningagreiðslum frá umbjóðanda mínum. Alls ekki er sannað eða gert sennilegt, að hin átöldu ummæli hafi bakað stefnendum tjón.

Varðandi refsikröfuna vil ég að lokum taka þetta fram:

Vegna almenningshagsmuna er óhjákvæmilegt að umræður um opinber málefni njóti nokkurs frjálsræðis. Hef ég rökstutt það hér að framan, og leyfi mér til áréttingar að vitna í 10. kafla doktorsritgerðar dr. Gunnars Thoroddsens, prófessors, Fjölmæli á bls. 232—249.

Við þessi rök er rétt að bæta, að hér kemur til álita hin gamla og góða regla Grágásar um „orðhefnd“. Þessa retorsio reglu er nú að finna í 239. gr. almennra refsilaga og nær hún ekki aðeins til orða, heldur einnig til athafna. Undirskriftasöfnun stefnenda og kæran til Háskólaráðs var pólitísk athöfn, sem hlaut að vekja andsvar. Umbjóðandi minn er einn þeirra, sem ekki gátu orða bundist. Atferli stefnenda vakti honum bæði viðbjóð og reiði, og ber því með stoð í 239. gr., sbr. 74. gr. almennra refsilaga að telja ummælin refsilaus.“

IV.

Álit dómsins.

Almennt.

Í 72. gr. stjórnarskrárinnar segir: „Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti; þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei í lög leiða.“

Í meiðyrðamálum er það viðfangsefnið, hversu langt menn mega ganga í tjáningu sinni, án þess að þeir verði beittir þeim viðurlögum, sem hegningarlög mæla fyrir um. Við þetta mat verður að gæta ýmissa sjónarmiða, svo sem að opinberri umræðu séu ekki settar óþarfa skorður, upplýsinga- og gagnrýnisskyldu fjölmiðla sé ekki sett of þröng mörk, eðli umræðunnar og hverjar tjáningarvenjur gilda um slíka umræðu. Þá verður

að gæta þess, að umræðan sé málefnaleg og standist almennar velsæmiskröfur.

Allt frá því er Alþingi samþykkt, að Ísland gerðist aðili að Norður-Atlantshafssamningnum 30. mars 1949 og gerður var á grundvelli hans varnarsamningur við Bandaríkin 1951 (eins og segir í upphafi þess samnings), hefur þessi varnarsamningur verið eitt aðalátakamál íslenskra stjórnamála. Umræðan hefur oft verið óvægin og á stundum fremur háð á tilfinninga- en málefna-grundvelli. Mörg óviðurkvæmileg ummæli hafa fallið á báða bóga. Í þessari umræðu hafa ákveðin orð verið notuð um dvöl herliðsins, og er orðnotkunin oft lýsandi fyrir skoðun notanda á dvöl herliðsins.

Aðstandendur „Varins lands“, sem sumir hverjir höfðu áður tekið þátt í stjórn málaátökum og látið til sín heyra á opinberum vettvangi, einmitt um dvöl bandaríska herliðsins á Keflavíkurflugvelli, hófu að safna undirskriftum um áframhaldandi dvöl liðsins að gefnu tilefni af aðgerðum ríkisstjórnarinnar, sem túlka mátti sem upphaf endurskoðunar samningsins um herdvölin. Þeir máttu vita, að framtak þeirra hlyti ámæli andstæðinga herdvalarinnar.

Í máli þessu þykir ekki verða horft fram hjá áralangri umræðu um dvöl hersins, þeim aðstæðum, sem urðu stefnendum hvatning til undirskriftasöfnunarinnar og að söfnunin setur aðstandendur hennar í sviðsljós opinberra stjórn málaátaka.

Þá ber þess að geta, að vestræn lýðræðisríki byggja stjórnskipan sína á þeim grunni, að gert sé út um stærri mál annað hvort af þingi, kjörnu leynilegri kosningu, eða með leynilegri þjóðaratkvæðagreiðslu. Undirskriftasafnanir hafa á síðari árum rutt sér til rúms hérlandis og hafa reynst máttugt baráttutæki. Almennt verður þó að viðurkenna, að almennar undirskriftasafnanir séu yfirleitt í nokkurri andstöðu við þá meginreglu, sem lýst er hér að ofan, og hafi í sér fólgnar ýmsar hættur. Framkvæmd þeirra er oft til þess fallin að valda persónulegum óþægindum og árekstrum manna á meðal. Almenn undirskriftasöfnun í viðkvæmu deilumáli sem dvöl bandaríska herliðsins hér á landi var sem slík fallin til að valda ófriði.

Hér ber að líta til þess, að þegar um stjórn málaátök er að ræða sem hér, eru ummæli, enda þótt talin séu varða við hegningarlög, síður til þess fallin að meiða þann, sem þeim er beint að.

Enn fremur þykir hér verða að líta til þess, að fram er komið, að innan Háskólans höfðu verið deilur um ýmis efni, þar á meðal

á milli stúdenta og prófessora um skiptingu innritunargjalda og hver skyldi vera hlutur Stúdentaráðs í þeim gjöldum eða hvort framlög til Stúdentaráðs skyldu innheimt sérstaklega. Deilur þessar gengu það langt, að um þær var fjallað í dagblöðum. Einn stefnenda ritaði tvær greinar um málefni Háskólans og stúdenta í Morgunblaðið sumarið 1973.

Enn fremur þykir verða að líta til þess, að þegar blöð þau, sem hin umstefndu ummæli birtust í, komu út, höfðu stefnendur þessa máls kært fyrrverandi ritstjóra Stúdentablaðsins fyrir Háskólaráði og krafist þess, að hann sætti áminningu skv. 24. gr. laga nr. 83/1970.

Ofangreind sjónarmið þykja leiða til þess, að stefnendur verði, eins og hér stendur á, að þola harkalegri umræðu en venjulegt má teljast.

Ummælin.

Ummæli þau, sem urðu tilefni málssóknar stefnenda, birtust í Stúdentablaðinu, fréttablöðungi svonefndum, er út kom ótölusett 8. apríl 1974 og 4. tölublaði, er út kom 5. júní 1974. Blöð þessi hafa verið lögð fram. Stefndi er tilgreindur ábyrgðarmaður að fréttablöðungnum og ritstjóri og ábyrgðarmaður að Stúdentablaðinu. Greinin með hinum umstefndu ummælum í 4. tölublaði Stúdentablaðsins er merkt ritstjóra, en greinin í fréttablöðungnum er ómerkt. Stefndi ber því ábyrgð á ummælunum skv. 15. gr. laga nr. 57/1956.

Þegar greinar þær eru lesnar, sem hin umstefndu ummæli birtust í, þá kemur fram, að ummælunum er beint að stefnendum.

Rétt þykir að fjalla um hver af umstefndum ummælum sérstaklega: A. 1. og 2. Hin umstefndu ummæli birtust í grein, sem ber yfirskriftina „Rekum alla, alla“. Í grein þessari er sagt frá því, að stefnendur hafi skrifað Háskólaráði bréf og farið fram á, að Rúnari Á. Arthúrssyni yrði veitt áminning eða hann víttur vegna skrifa um stefnendur. Í málsgrein þessari kallar stefndi stefnendur „landvætti“. Þegar litið er til framtaks stefnenda og annarra forgöngumanna undirskriftasöfnunarinnar „Varins lands“ svo og ástæðna þeirra, sem þeir hafa tilgreint fyrir framtakssemi sinni, þá þykir með hliðsjón af þeim röksemdum, sem getið er í almennum athugasemdum hér að framan, að ummæli þessi verði ekki heimfærð undir ákvæði hegningarlaga.

A. 3. Fyrri hluti málsgreinar þessarar er spurning. Stefndi þykir ekki hafa réttlætt ummæli sín um síendurteknar tilraunir

stefnenda til að beita stúdenta fasískri skoðanakúgun. Ummæli þessi þykja óviðurkvæmileg, og ber því að ómerkja þau, sbr. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940, en með hliðsjón af þeim sjónarmiðum, sem getið er í almennu athugasemdunum hér að framan, þykir ekki ástæða til að refsa fyrir þessi ummæli.

B. 1. og 2. Ummæli þessi birtust í grein á bls. 2 í 4. tölublaði Stúdentablaðsins, sem út kom 5. júní 1974. Greinin ber yfirskriftina „Háskólaráð átelur Stúdentablaðið að kröfu landvættanna“. Að því er varðar ummæli undir þessum lið, þá er niðurstaða dómsins sú sama og að framan hefur verið rakin varðandi A. 1. og 2.

B. 3. Hér er um að ræða hluta af greininni, sem fjallað er um undir B. 1. og 2., en þessi hluti greinarinnar ber kaflafyrirsögnina „Virðing háskólaborgara“. Ummæli þessi eru óviðurkvæmileg, og ber að ómerkja þau í heild, sbr. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940, en með vísan til röksemda þeirra, sem fram koma í almennu athugasemdunum hér að framan, þykir ekki eiga að refsa fyrir ummælin.

Bótakrafa.

Ummæli þau, sem stefnt er út af, beinast að stefnendum sem fjögurra af fjórtán forgöngumönnum undirskriftasöfnunarinnar „Varins lands“ og þannig að athöfnum þeirra, sem telja verður til stjórnmálastarfsemi. Einnig beinast ummælin að því atferli stefnenda að kæra til Háskólaráðs skrif Rúnars Ármanns Arthúrs-sonar, þáverandi ritstjóra Stúdentablaðsins. Óþægindi þau, sem stefnendur telja sig hafa orðið fyrir, eru þess eðlis, að erfitt er að ákveða, hvort þau eru tilkomin vegna skrifa stefnda eða almennt af stjórnmálastarfsemi þeirra. Af þessum ástæðum og annars með hliðsjón af því, sem segir í almennum athugasemdum hér að framan, þykja stefnendum ekki verða dæmdar bætur í máli þessu.

Með vísan til þeirra röksemda, sem greinir í almennum athugasemdunum hér að framan, þykja ekki efni til að taka til greina kröfu stefnenda um kr. 25.000 til þess að standast kostnað af birtingu dóms samkvæmt 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940. Hins vegar þykir rétt að taka þá kröfu þeirra til greina, að stefndi sjái um, að birtar verði forsendur og dómsorð í máli þessu í 1. eða 2. tbl. Stúdentablaðsins, sem út kemur eftir lögbirtingu dómsins, sbr. 22. gr. laga nr. 57/1956.

Eftir atvikum þykir rétt að fella málskostnað niður.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ummæli stefnda, Gests Guðmundssonar, sem birtust í fréttablöðungi Stúdentablaðsins, sem út kom ótölusett 8. apríl 1974, og talin eru í stefnu undir A. 3., og ummæli í 4. tölublaði Stúdentablaðsins, sem út kom 5. júní 1974, og talin eru í stefnu undir B. 3., skulu ómerk.

Stefnda, Gestí Guðmundssyni, skal skylt að sjá um, að forsendur og dómsorð dóms þessa verði birt í 1. eða 2. tölublaði Stúdentablaðsins, sem út kemur eftir lögbirtingu dóms þessa.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 31. maí 1977.

Nr. 190/1976. **Bílaleigan Miðborg h/f**

(Bjarni Bjarnason hdl.)

gegn

Guðmundi Jónassyni

og gagnsök

(Benedikt Sveinsson hrl.).

Ómerking. Heimvísun. Fjárnámsgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr og Benedikt Sigurjónsson.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 14. október 1976. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Þá verði felld úr gildi fjárnám það, sem framkvæmt var 9. september 1976, til tryggingar dómi þessum. Loks krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 26. október 1976. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð verði staðfest og aðaláfrýjanda dæmt að greiða málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.